

Ferill fundarbókana er varða erindið:

Málsnúmer: 2019060015

Málsheiti: Umsókn um lóð fyrir hafnsækna starfssemi við Suðurtanga 20

Málsaðili: Þrymur hf., vélsmiðja.

Skráð af: Helga Þuríður Magnúsdóttir

Ábyrgðaraðili: Axel Rodriguez Överby

Fundur: Hafnarstjórn - 225 (18.10.2021) - Umsókn um lóð fyrir hafnsækna starfssemi við Suðurtanga 20

Dags: 19.10.2021

Inngangur: Lagt fram bréf frá Högna Gunnari Péturssyni og Pétri Þ. Jónassyni, f.h. vélsmiðjunnar Þryms á Ísafirði, dags. 22. september 2021, þar sem gert er grein fyrir afturköllun lóðarumsóknar á Suðurtanga 20.

Niðurst.: Lagt fram til kynningar.

Fundur: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 554 (24.2.2021) - Umsókn um lóð fyrir hafnsækna starfssemi við Suðurtanga 20

Dags: 24.02.2021

Inngangur: Þrymur ehf. vélsmiðja óskar eftir lóð á Suðurtanga, Ísafirði, með aðgengi að hafnarbakka þar sem áætlað er að reisa upptökumannvirki fyrir báta og nætur. Erindið var tekið fyrir á 205. fundi hafnarstjórnar og á 208. fundi hafnarstjórnar var hafnarstjóra falið að kanna hvort möguleiki væri á að fyrirhuguð starfsemi Þryms ehf. falli að heildarverki um stækkun hafnarinnar við Sundabakka. Fylgigögn eru erindisbréf dags. 31. maí 2019 sem og upplýsingaskjal um upptökumannvirki líkt því sem Þrymur hyggst reisa við hafnarkantinn.

Niðurst.: Þar sem umrædd lóð er á núverandi deiliskipulagi skilgreind sem gámasvæði er skipulagsfulltrúa falið að boða til fundar með umsækjanda og hafnarstjóra með það fyrir augum að finna lausn á málinu.

Fundur: Hafnarstjórn - 208 (6.12.2019) - Umsókn um lóð fyrir hafnsækna starfssemi við Suðurtanga 20

Dags: 06.12.2019

Inngangur: Fyrir fundinum liggur Minnisblað hafnarstjóra er varðar erindi sem tekið var fyrir á 205. Fundi hafnarstjórnar 3. lifundarlið varðandi lóðaumsókn vegna hafnsækinnar starfssemi dagsett 31/05/2019.

Niðurst.: Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að kanna hvort möguleiki sé á að þessi framkvæmd geti fallið að heildarverkefninu sem fyrirhugað er.

Fundur: Hafnarstjórn - 205 (29.7.2019) - Umsókn um lóð fyrir hafnsækna starfsemi við Suðurtanga 20

Dags: 29.07.2019

Inngangur: Skipulags- og mannvirkjanefnd vísaði á fundi sínum þann 12. júní sl., eftirfarandi erindi til frekari umræðna í Hafnarstjórn. Erindi frá Högna Gunnari Péturssyni meðfylgjandi eru umsókn um aðstöðu á Suðurtanga. Fylgigögn eru erindisbréf dags. 31.05.2019.

Niðurst.: Högni Gunnar Pétursson kynnir verkefnið fyrir hafnarstjórn og vikor af fundi kl. 12:19 við afgreiðslu málsins. Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að kostnaðarmeta framkvæmdina og skoða hvernig svona málum er háttað hjá öðrum sveitarfélögum.

Fundur: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 521 (12.6.2019) - Umsókn um lóð fyrir hafnsækna starfssemi við Suðurtanga 20

Dags: 13.06.2019

Inngangur: Kynnt erindi frá Högna Gunnari Péturssyni, meðfylgjandi eru umsókn um aðstöðu á Suðurtanga. Fylgigögn eru erindisbréf dags. 31.05.2019.

Niðurst.: Skipulags- og mannvirkjanefnd vísar erindi til frekari umræðna hjá Hafnarstjórn.